

## Efnisyfirlit

Inngangur – um leikskólann.....	2
Námsskrá .....	2
Starfsáætlun.....	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat leikskólans .....	5
Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats.....	5
Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár.....	6
Markmið vetrarins í umhverfismálum .....	6
Markmið vetrarins í Art.....	6
Markmið vetrarins í málrækt .....	6
Skipulagsdagar og hefðir.....	6
Starfsþróunaráætlun .....	7
Starfsmannahópurinn.....	7
Barnahópurinn .....	7
Foreldrasamvinna.....	7
Samstarf leik og grunnskóla.....	8

## Inngangur – um leikskólann

Heilsuleikskólinn Kæribær er staðsettur á Kirkjubæjarklaustri á stórri og góðri lóð. Kæribær hóf starfsemi sína í núverandi húsnæði 1. október 1988. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á heilbrigðan lífsstíl og umhverfismennt. Kæribær flaggaði Grænfánanum fyrstur skóla í Skaftafellssýslum 4. júní 2008. Þann 19. október 2010 var Kæribær vígður sem Heilsuleikskóli og hefur síðan starfað formlega eftir heilsustefnunni <http://heilsustefnan.skolar.is/Heilsustefnan/>

Viðhaldsvinna. Á árinu 2012 var leikskólinn málaður að innan. Þá voru brotnir snagar fjarlægðir inn á klósettum barnanna. Úti var „kastalinn“ fúavarinn ásamt rólum. Samkvæmt úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 12. september 2012 er eitt og annað sem þarfnast lagfæringar og þarf að forgangsraða verkefnum. Eitt brýnasta verkefnið er viðgerð á grindverki og er verið að vinna í því nú þegar.

## Námsskrá

Samkvæmt 13. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Ný Aðalnámskrá var gefin út af Mennta- og menningarmálaráðaneytinu 2011. Hver og einn leikskóli setur upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Einkunarorð leikskólans eru; *Okkar nám er leikur*. Þannig viljum við leggja áherslu á að allt nám sem fram fer í leikskólanum okkar fari fram í gegnum leikinn.

## Starfsáætlun

Eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008 skulu þeir skila starfsáætlun til viðkomandi rekstraraðila. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til formanns fræðslunefndar fyrir 1. september. Starfsáætlun er lögð fyrir sveitarstjórn til samþykkrar.

### Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

## **Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans.

## **Innra mat leikskólans.**

Á hverjum degi er skráð á töflu í fataklefa viðfangsefni hópanna. Það er síðan fært inni dagbók hópanna. Þannig gefst okkur kostur á að fylgjast með því hvort unnið sé að því sem vikáætlun gerir ráð fyrir. Þar er einnig skráður svefntími barnanna ásamt því hvernig börnin borðuðu.

Tvisvar á ári, á starfsdegi í apríl og nóvember, eru upplýsingar um stöðu barnanna í hreyfingu, félagsfærini og myndsköpun færðar inni Heilsubók barnsins. Þær upplýsingar eru síðan kynntar foreldrum í viðtölum í beinu framhaldi. Í apríl 2012 var lagt mat fyrir elstu börn leikskólans með

Heilsuleikskólinn Kæríbær

myndrænum hætti. Þar fengu börnin að meta hvað þeim finnst skemmtilegast að gera, erfiðast, leiðinlegast, hvað fullorðna fólkið gerir í leikskólanum o.s.frv. Eins og stefnt var að þá var bætt við spurningu um það í hverju börnin vildu æfa sig betur í. Það var gert og það skemmtilega var að flest börnin vildu æfa sig betur í hreyfingu, því að standa á höndum og að verða betri í íþróttum. Þó var einn sem vildi verða betri í tölvu og annar sem vildi verða betri í því að byggja.

Hljóm-2 (athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna) verður ekki lagt fyrir þennan veturinn þar sem ekkert barn er á þeim aldri sem athuginin miðar við.

ECERS er viðurkenndur kvarði til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn. Hann var lagður fyrir allt starfsfólk í september 2012. Niðurstöður hans gefa til kynna að þau atriði sem lögð eru til grundvallar í starfi með börnum er í meðallagi með 5,38 stig af 7 mögulegum. Lægstu einkunnir fá spurningar um möguleikar til að þróa sig í starfi ásamt spurningunni um vinnuaðstöðu leikskólakennara 4,0.

## **Ytra mat leikskólans**

Foreldrakönnun var unnin í samstarfi leikskólastjóra á Suðurlandi undir leiðsögn Hrafnhildar Karlsdóttur leikskólaráðgjafa. Ekki náðist að leggja hana fyrir eins og til stóð með rafrænum hætti vorið 2012 en stefnt er að því að leggja hana fyrir á þessu skólaári þ.e. 2012-2013.

## **Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats**

Sem fyrr segir náðist ekki að leggja könnun fyrir foreldra með rafrænum hætti síðasta vetur. Stefnt er að því á þessu skólaári. Einnig er stefnt að því að leggja myndrænt mat fyrir elstu börn leikskólans (sem eru fjögurra ára) og aðstoða þau við að efla sig í þeirri færni sem þeim er hugleikinn og þau vilja verða góð í. Stefnt verður á að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks og möguleika þess á að þróa sig í starfi.

## Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár

### Markmið vetrarins í umhverfismálum.

Markmið vetrarins í umhverfismálum verður sem fyrr endurvinnsla. Nýtt viðfangsefni í verkefninu Skóli á grænni grein er átthagarnir og er markmiðið að kynnast okkar nánasta umhverfi á sem fjölbreyttasta hátt. Viðfangsefnið verða rædd á umhverfisnefndarfundum vetrarins og er aldrei að vita hvert þeir fundir bera okkur.

### Markmið vetrarins í Art

Art kennsluefnið verður ekki notað í vetur þar sem elstu börnin okkar eru það ung og fá.

### Markmið vetrarins í málrækt

Málrækt á sér stað allan daginn, ekki síst við daglegar athafnir s.s. við matarborðið. Á starfsárinu 2012-2013 verður áfram unnið með Sögugrunn sem námstæki til sögugerðar. Því til viðbótar höfum við námsefnið Leikum og lærum með hljóðin. Fátt er mikilvægara fyrir pesónu-, félags-, og vitsmunapróska einstaklings en að ná góðum tókum á tungumálinu og geta notað það til fjölbreyttra og gefandi samskipta.

Hljóm-2 próf verða ekki tekin á þessu skólaári þar sem börnin hafa ekki náð þeim aldri sem til þarf.

### Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða þrjú og hálfur. Þann 31. október verður málþing um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár frá kl. 13:00 haldinn í fjarfundi og gefst starfsfólki tækifæri á að sitja það hér á Kirkjubæjarklaustri. Haustþing leikskóla á Suðurlandi var 5. október s.l. Föstudaginn 23. nóvember og föstudaginn 26. apríl verður unnið í Heilsubókum barnanna.

## Starfsþróunaráætlun

Starfsþróunarsamtöl eru formleg einu sinni á ári og hefjast um miðjan janúar og lýkur þeim um miðjan febrúar. Leikskólastjóri tekur þessi viðtöl, notar eyðublöð til stuðnings og afhendir starfsmönnum tíu dögum áður en viðtalið er tekið.

Leikskólastjóri tekur síðan saman yfirlit og rita báðir aðilar undir og hefst viðtalið á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má ennþá bæta.

## Starfsmannahópurinn

Veturinn 2012-2013 verða þrjár 100% stöður við leikskólann. Þar inni er stjórnunarþátturinn sem reiknast u.þ.b. 30% og eldhússtörf önnur 30%. Auk þess er afleysing í sveigjanlegu starfi ásamt ræstitækni. Tveir starfsmannanna eru með leikskólakennaramenntun, leikskólastjóri sem að auki hefur framhaldsmenntun í Uppeldis- og menntunarfræðum og deildarstjóri sem er í framhaldsnámi frá Hug- og félagsvísindasviði HA. Þriðji starfsmaðurinn hefur lokið stúdenstprófi og snyrtifræði ásamt því að hafa nokkra starfsreynslu af leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

## Barnahópurinn

Barnahópurinn haustið 2012 er:

Eitt barn fætt 2007, þrjú börn fædd 2008, sjö börn fædd 2009, tvö börn fædd 2010 og tvö börn fædd 2011. Samtals eru þetta 15 börn 9 drengir og 6 stúlkur. Eitt barn á pólska foreldra, eitt barn nýtur sér kennslu. Eina barnið sem fætt er 2007 kemur með skólabíl í leikskólann einn dag í viku. Viðvera barnanna er annars þannig að sex börn eru með 100% viðveru, þ.e. átta tíma á dag alla daga en hin börnin eru með viðveru á bilinu 60% til 90% í mánuði.

## Foreldrasamvinna

Miðlun upplýsinga til foreldra fer að mestu fram með daglegum samskiptum, á heimasíðu leikskólans, töflu í fataherbergi og með tölvupósti. Heimasíðan er: <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Heilsuleikskólinn Kæribær

Einn foreldrafundur er yfir skólaárið, í september. Við leikskólann starfar foreldraráð með þremur fulltrúum foreldra og er það kosið á foreldrafundi í september. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans s.s. starfsáætlun sem þessa. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)

Foreldrum er boðið uppá viðtal tvisvar sinnum á ári þar sem m.a. er farið yfir skráningar í Heilsubók barnsins.

Foreldrasjóður er við leikskólann og borgar hvert heimili, óháð fjölda barna, 400 krónur í hann fyrir hvern mánuð.

## **Samstarf leik og grunnskóla**

Yngsta stigi grunnskólans er boðið að koma og taka þátt í því að endurvinna pappír ásamt því að vinna á skapandi hátt úr verðlausu efni. Sama dag er farið í ýmsa hreyfileiki enda yfirskrift þessa dags „Sköpun og hreyfing“.

---

Kirkjubæjarklaustri 16. október 2012.

Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Kæribær.